

Ed.

253. Frumvarp

til laga um veðlánasjóð fiskimanna.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gera mönnum, sem fiskiveiðar stunda á vjelbátum og árabátum, sem arðsamastan afla sinn með því að gera þeim mögulegt að verka hann sjálfir. Fje sjóðsins skal lánað fiskimönnum gegn veði í fengnum afla, eftir reglum, sem síðar segir.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er Fiskiveiðasjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum 10. nóv. 1905, og 2 milj. króna, sem ríkissjóður leggur fram sem lán

til sjóðsauka, og skal lán þetta vera vaxta- og afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurgreiðast síðan með jöfnum greiðslum á 35 árum.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er Reykjavík. Sjóðurinn skiftist í deildir, og er aðaldeild hans í Reykjavík, en sjerstakar deildir skulu stofnaðar í verstöðvum landsins, svo mörgum sem fjármagn sjóðsins hrekkur til. Deildir geta þó fyrst um sinn eigi orðið fleiri en 25.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra kveður á um það, eftir tillögum stjórnar sjóðsins, í hvaða verstöðvum deildir skuli settar, hve mikið fje af sjóðnum hver einstök deild fær til umráða og hve háa vexti deildirnar greiði af fjenu.

5. gr.

Lánsdeild í verstöð verður því aðeins sett á stofn, að beiðni hafi komið um það til stjórnar sjóðsins samkv. ályktun á almennum sveitarfundi, eða samkv. ályktun bæjarstjórnar í kaupstað.

Á hverjum stað, er lánsdeild verður sett á stofn, skal hreppsfundur kjósa 3 menn í stjórnarnefnd deildarinnar, og skulu þeir starfa kauplaust. Stjórnarnefndin ræður mann gegn þóknun til að hafa afgreiðslu og reikningshald deildarinnar, er skal opin til útlána eigi sjaldnar en einu sinni í viku, 2 tíma í senn, en annars fer það eftir ákvörðun stjórnarnefndar deildarinnar, hve oft og lengi deild skuli opin til afgreiðslu á hverjum stað.

6. gr.

Lán veitist aðeins út á afla, sem ætlaður er til verkunar sem þurkaður saltfiskur til útflutnings.

Sá einn getur fengið lán, sem ráðinn er upp á hlut af afla.

Þá er bátur er gerður út af samlagsfjelagi þeirra, er á honum eru, ganga þeir fyrir um lán, sem fæsta hafa hlutina.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður til 6 mánaða í senn, í byrjun janúar og byrjun júlí, verðlag á fiski, er við skal miða lán út á fiskinn. Við ákvörðun þessa verðlags hefir stjórn sjóðsins til hliðsjónar útreikning, er Hagstofa Íslands sköl gera í lok hvers missiris um meðalverð saltaðs útflutningsfisks undanfarið missiri.

8. gr.

Lánbeiðni hverri fylgi yfirlýsing lánbeiðanda um fiskeign sína, að viðlögðum drengskap, vottuð af hlutaðeigandi formanni, en útgerðarstjóra báts, ef formaður á í hlut. Nánari ákvæði má setja í reglugerð um sannanir fyrir því, að uppgefið veð sje fyrir hendi.

9. gr.

Lána má alt að $\frac{2}{3}$ af andvirði afla, samkv. 7. gr., og má lánstíminn ekki lengri vera en 9 mánuðir. Fyrir láninu, sem lántakandi ábyrgist persónulega, gefur hann út skuldabréf með sjálfsvörsluveði í fengnum afla sínum. Veðskuldabréf þessi skulu þinglesin í heimilisþinghá útgerðarinnar, og eigi annarsstaðar, en að öðru leyti gilda um veðsetningu þessa ákvæði laga 4. nóv. 1887, um sjálfsvörsluveð í lausafje. Þinglestrargjald af veðskuldabréfum þessum ákveður fjármálaráðherra, og má gjaldið ekki hærra vera en 25% af venjulegu gjaldi.

10. gr.

Lán skal veitt í þeirri deild, þar sem útgerðarstjórn báts á heima. Nú hefir bátur stöð til bráðabirgða í útveri innan umdæmis annarar deildar, og eiga bátverjar þó sókn til þeirrar deildar, er fyr segir.

11. gr.

Stjórn deildar metur, hvort lánsskilyrði eru fyrir hendi, hver lán skuli veitt og upphæð lána. Í lánsbeiðni skal skýrt frá, hvar veðið sje, nafni báts og formanns, þar sem lánbeiðandi hefir eða hafði skiprúm, er fiskurinn var veiddur, hvar hann verði verkaður og hvort lántakandi ætlar að vinna að því sjálfur eða fjölskylda hans.

12. gr.

Vextir af lánnum greiðist um leið og lán er tekið, en við endurgreiðslu lánsins greiði lántakandi ennfremur 1% af andvirði þess afla, sem lánið var veitt út á, og renni sú fjárhæð í varasjóð hlutaðeigandi deildar.

13. gr.

Veðsettan afla má ekki flytja af staðnum nema með leyfi viðkomandi deildarstjórnar. Nú er veðsettur affli fluttur burt eða seldur án vitundar deildarstjórnar áður en lánið er greitt, og er lánið þá þegar kræft og kaupandi fiskjarins skyldur að standa skil á láninu.

Vottorð um, hvort fiskur er veðsettur hjá deild, gefur stjórn deildarinnar.

14. gr.

Hver deild ber kostnað við rekstur sinn, er greiðist úr varasjóði deildarinnar.

15. gr.

Í stjórn Veðlánasjóðs fiskimanna eiga sæti 3 menn, einn framkvæmdarstjóri og 2 gæslustjórar, er atvinnumálaráðherra skipar, og ákveður hann þóknun þeirra. Skulu gæslustjórnarnir skipaðir til 4 ára og hafa sjerþekkingu á öllu því, er lýtur að hag bátaútvegsins.

Ráðherra getur vikið stjórnanda frá um stundarsakir, þegar honum þykir nauðsyn bera til, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, og geri sjávarútvegsnefndum Alþingis grein fyrir gerðum sínum í þessu efni.

16. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins. Reikninga hans skulu 2 menn endurskoða, er ráðherra til þess skipar, og úrskurðar hann ársreikningana, er birtir skulu í B-deild Stjórnartíðindanna.

Um störf endurskoðenda og þóknun þeirra skipar ráðherrá fyrir með reglugerð.

17. gr.

Alt handbært fje sjóðsins skal, eftir því sem við verður komið, geymt í Landsbankanum og útibúum hans, en annars skal nánara kveðið á um það í reglugerð, hversu deildir skuli geyma og ávaxta handbært fje sitt, um endurskoðun og um reikningskil deildanna til aðaldeildar, fjármiðlun milli deilda, eftir því sem árstími og atvinnuhættir krefjast, og önnur ákvæði um rekstrarháttu sjóðsins, þar á meðal um stærð umdæmis hvernar deildar um sig, og alt annað, er lýtur að greiðu skipulagi og tryggilegum rekstri sjóðsins.

18. gr.

Veðlánasjóður fiskimanna er undanþeginn öllum sköttum og gjöldum til ríkis og sveitarfjelaga.

19. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, alt að 2 milj. króna, til að fullnægja ákvæði 2. gr. laga þessara.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, lög nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, lög nr. 61, 10. nóv. 1913, um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907, og önnur lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1928.

Greinargerð.

Á Alþingi 1927 flntti sjávarútvegsnefnd efri deildar þingsályktun, þar sein skorað var á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um lánsstofnun fyrir bátaútvegin. Tók stjórnin vel í þá tillögu, og var skipuð þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um slíka lánsstofnun. Hefir álit þessarar nefndar borist til sjávarútvegsnefndar neðri deildar, en engin úrlausn virðast tillögur hennar vera á því, sem fólst í þingsályktun efri deildar 1927. En þar var lögð aðaláherslan á að fá lánsstofnun, er gæti veitt rekstrarfje bátaútvegi landsmanna, sem nú á mjög örðugt uppdráttar. Hjer er stungið upp á því, að mynda lánsstofnun, er geti veitt fiskimönnum og útgerðarmönnum lán út á afla sinn, svo að segja jafnóðum og hann kemur á land. En eins og nú standa sakir, má teljast ókleift öllum þorra

bátaútvegsmanna og þeirra, er kaup sitt taka í afla, að geyma fiskinn og verka hann sjálfir; fara þeir því á mis við þann hagnað, sem jafnaðarlegast er að því að geyma fiskinn og verka hann til útflutnings sjálfir, eða með aðstoð skylduliðs síns. Þessi lánsstarfsemi, er frv. gerir ráð fyrir, á að vera algerlega áhættulaus, þar sem ætlast er til, að jafnan standi fult verðmæti að veði fyrir lánnum sjóðsins, og þær sveiflur lítt hugsanlegar, að fiskurinn verði eigi þess virði, er út á hann á að lána eftir þeim reglum, er frv. setur.

Flestir bátaútvegsmenn og þeir, er hlut taka í afla, eru nú neyddir til þess að selja fiskinn að heita má jafnóðum og hann kemur á öngulinn. Bæði þarf að borga ýmsan rekstrarkostnað útvegsins jafnóðum, og svo þurfa þeir að fá nauðsynjar handa heimilum sínum. Eru þeir því oft skuldbundnir til þess að láta aflann af hendi til þeirra kaupmanna, sem birgja þá að vörum til rekstrarins og til heimilanna, og verða þá oft að sæta lágu verði á fiskinum og háu verði á úttektarvörum. Hefðu þeir peninga í höndum, mundu kaupmenn, sem líka hafa oft óhentug lán, geta veitt útvegs- og fiskimönnum miklu betri kjör á öllu verðlagi á úttektarvörum.

Búast má við því, að vextir af þessum lánnum yrðu nokkuð háir, þar sem stofnlán ríkissjóðs á að greiðast á 35 árum; þó ættu þeir ekki að þurfa að verða hærri en útlánsvextir bankanna eru nú. En lægra verðlag á kaupmannavöru, atvinna við verkun fiskjarins, og ekki síst hið tiltölulega herra verð fyrir fullverkaðan fisk, eiga að bæta vaxtahæðina fullkomlega upp, og sömuleiðis bæta upp gjald það, 1%, sem stungið er upp á, að renni í varasjóð deildanna; en það gjald á, auk þess að bera uppi kostnað við stjórn deildar, að verða til þess að bæta lánskjörin, þegar fram líða stundir.

Það má segja, að Fiskiveiðasjóður Íslands sje hættur að starfa að því, er honum var upprunalega ætlað, að hjálpa til að auka fiskiskipastól landsmanna. Nú stendur sjóðurinn að mestu fastur í hafnarmannvirkjum kaupstaða og kaup-túna, og ekki líklegt, að sjóðurinn að óbreyttu geti veitt lán til skipakaupa. Er því sjóðnum ætlað að renna inn í veðlánastofnun fiskimanna. Fiskiveiðasjóðurinn er nú nokkuð yfir hálfu miljón króna, og verður að því mikill styrkur, þar sem vextir af því fje geta gengið til kostnaðar við yfirstjórn sjóðsins og til að ljetta vaxtabyrðina.

Erfiðast er að ávaxta fje sjóðsins þann tíma, sem það er ekki í útlánnum. Verður að ætlast til þess, að náin samvinna verði milli Veðlánasjóðs og Landsbankans og að bankinn veiti móttöku afgangsfje því, sem ekki er í útlánnum, og greiði af því sæmilega háa vexti.

Ætlast er til þess, að sjóðurinn starfi í deildum. Verður að treysta á það, að þeir, er kosnir verða í deildarstjórnir, starfi þar vegna málefnisins, og eru þeim því engin laun ætluð; en aftur er þeim heimilað að ráða menn til hinnar reglubundnu vinnu við lánsstarfsemi deildanna, og fyrir það verður að greiða þóknun.

Það er mikill vandi að ákveða, hvar stofna skuli deildir. Verður að leggja það undir stjórn sjóðsins og ráðherra. En hjer skulu taldir nokkrir staðir, sem koma til álita:

Akranes, Sandur, Olafsvík, Stykkishólmur, Patreksfjörður, Þingeyri, Flateyri, Ísafjörður, Hnífsdalur, Bolungarvík, Súðavík, Skagaströnd, Sauðárkrúkur,

Siglufjörður, Ólafsfjörður, Akureyri, Húsavík, Skálar, Vopnafjörður, Borgarfjörður (eystra), Seyðisfjörður, Norðfjörður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Hornafjörður, Vík, Vestmannaeyjar, Stokkseyri, Eyrarbakki, Grindavík, Hafnir, Sandgerði, Keflavík, Hafnarfjörður, Reykjavík.

Að vísu er talan í frv. fyrst um sinn takmörkuð við 25 staði, þar sem stofna má deildir. En þegar komin er nokkur reynsla um framkvæmd laganna, má fjölga deildum.